

An aerial photograph showing the edge of a dark blue ocean on the left, meeting a black sand beach on the right. The water is deep blue with some white foam from waves breaking near the shore. The sand is dark and textured.

Fjölbreytt og örugg hafnarstarfsemi

Stefna Fjallabyggðarhafna 2022-2030

Fylgt úr hlaði

Útgerð hefur um aldir verið í þeim höfnum sem nú mynda Fjallabyggðarhafnir en segja má að hafnarmannvirki eins og við þekkjum þau hafi byrjað að rísa í upphafi tuttugustu aldar. Á Siglufirði risu hafnarmannvirki að mestu fyrir tilverknað aðkomumanna en í Ólafsfirði vegna atorku útgerðarmanna sem þar sóttu sjó fyrir opnu hafi. Fljótlega upp úr því að fyrsti mótorbáturinn kom í Ólafsfjörð árið 1904 fóru heimamenn að huga að bryggjasmíði en vegna erfiðra hafnaraðstæðna var fyrsta bryggjan gerð með þeim hætti að hún var svokölluð flekabryggja sem tekin var á land ef illa horfði með veður. Á Siglufirði var höfn mun betri frá náttúrunnar hendi, sem leiddi til þess að hún varð snemma athvarf erlendra útgerða sem og skjól fyrir íslenska báta og skip. Ólíkar aðstæður hafa því haft áhrif á þróun hafnanna allt frá því að tekið var til við að reisa hafnarmannvirki og um leið gert það að verkum að viðfangsefnin urðu um margt ólík. Á Siglufirði var, líkt og áður segir, meira um að mannvirki væru byggð af aðkomnum atvinnurekendum en í Ólafsfirði var um að ræða sjálfsprottið framtak heimamanna.

Eitt áttu samfélögin við Ólafsfjörð og Siglufjörð þó sameiginlegt langt fram eftir tuttugustu öldinni, það er viðvarandi einangrun og erfiðar samgöngur á landi. Halda má því fram með gildum rökum að bættar samgöngur til og frá Fjallabyggð séu enn í dag eitt mikilvægasta úrlausnarefni samfélagsins. Allt að einu þá hafa þau samfélög sem nú mynda hið sameinaða sveitarfélag Fjallabyggð þurft í gegn um árhundruðin að takast á við erfið náttúruöfl og síbreytilegar forsendur þess fólks sem allt sitt byggði á nálægð við gjöful fiskimið. Náttúruöfl, breytileg fiskgengd, staða á mörkuðum og einangrun byggðalaga hafa kennt okkur að ekkert er öruggt og eina ráðið er að takast af ró og yfirvegun á við breytingar og uppákomur lífsins.

Það verður best gert með því að læra af fortíðinni og nýta þann lærdóm, ásamt skynsömu mati á stöðu dagsins, til að móta stefnu til framtíðar. Þegar stefnan hefur verið sett þá þarf með reglubundnum hætti að taka hana til skoðunar, líta yfir sviðið, skoða hvar vel hefur gengið og hvar miður, hvaða þróun hefur orðið á framtíðarhorfum og byggt á því aðlaga leiðarval að markmiðum þeim sem stefnt er að. Einnig er vert að hafa í huga að stefnumótun kemur ekki í veg fyrir óvæntar uppákomur og verkefni en góð og vel unnin stefna til framtíðar hjálpar okkur að komast í gegn um óvænta brimskafla og brotsjó. Vel undirbúið og sjófært skip með vel skilgreinda siglingarleið á alltaf meiri möguleika í óveðri en skip þar sem menn hafa látið undirbúning sjóferðar reka á reiðanum.

Sú stefnumótun sem í þessu plaggi birtist er afurð mikils samtals hagaðila sem hafa fjölbreytta þekkingu á sögunni, stöðu sem uppi er í nútímanum sem og hvað líklegt er að framtíðin beri í skauti sér. Stefnumótunin hefur innfalið vinnu við gagnaöflun, myndaður var verkefnishópur, haldnar voru opnar vinnustofur og viðtöl tekin við ýmsa hagaðila úr atvinnugreinum sem á og við hafnarsvæðin starfa. Vil ég nota tækifærið og þakka þeim sem komu að gerð nýrrar stefnu fyrir frábæra vinnu í stefnumótunarferlinu. Greiningarvinnan í upphafi stefnumótunar ber með sér að styrkleikar Fjallabyggðar eru mjög miklir um leið og fjölmörg tækifæri til þróunar og uppbyggingar enn öflugri starfsemi, eru til staðar í okkar góða samfélagi.

Það er von mín og verkefnishópsins að plagg það sem hér er kynnt megi verða til þess að Fjallabyggðarhöfnum takist enn betur upp en hingað til að nýta þau fjölmörgu tækifæri sem í framtíðinni búa.

Elías Pétursson
Hafnarstjóri

Leiðarljós



Með samstöðu byggjum við upp fjölbreytta, örugga og faglega hafnarstarfsemi sem mætir þörfum íbúa og atvinnulífs.

Gildi Fjallabyggðarhafna



Samvinna

Saman veitum við fjölbreytta og framúrskarandi þjónustu

Fagmennska

Við vinnum af fagmennsku með öryggi að leiðarljósi

Fjallabyggðarhafnir

STEFNA:

Fjölbreytt og örugg hafnarstarfsemi

Markmið

1. Að stuðla að sameiginlegri sýn á hagsmuni íbúa og atvinnulífs við uppbyggingu hafnarsvæðanna
2. Að byggja áfram á sterkri og jákvæðri ímynd hafnarsvæðisins á Siglufirði
3. Að Fjallabyggð verði Björgunarmiðstöð Norðurslóða í samstarfi við Landhelgisgæsluna
4. Að Fjallabyggð verði miðstöð þróunar, nýsmíði, viðgerða og orkuskipta á bátum upp að 30 tonnum
5. Að Fjallabyggðarhafnir nýti þau tækifæri sem myndast með bættum vegtengingum
6. Að nýta þá innviði sem eru til staðar, m.a. fyrirtæki, hagsmunafélög og frjáls félagasamtök sem hafa áhuga og burði til að taka þátt í uppbyggingunni

Aðgerðir

Fyrir markmið 1:

- Að í daglegu tali verði talað um Fjallabyggðarhafnir, byggt á gildum hafnarinnar.
- Lagt verði mat á skipulag og rekstur Fjallabyggðarhafna og eftir atvikum gerðar breytingar til samræmis við stefnuna.

Fyrir markmið 2:

- Efla kynningu á Fjallabyggðarhöfnum með samstilltu átaki hafnarstjórnar og þjónustuaðila við hafnarsvæðin.

Fyrir markmið 3:

- Skilgreina verkefnisstjórn sem ber ábyrgð á þróun tillögu um Björgunarmiðstöð Norðurslóða.

Fyrir markmið 4:

- Efna til samstarfs við þróunaraðila í nýsmíði og orkuskiptum í bátum upp að 30 tonnum.
- Áfram verði skilgreint fjármagn í verkefni tengd umhverfismálum á hafnarsvæðum.

Fyrir markmið 5:

- Bæjarstjórn Fjallabyggðar beiti sér áfram af krafti fyrir bættum vegsamgöngum til austurs og vesturs.
- Í skipulagi verði hafnarsvæðin skilgreind sem athafnasvæði fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi og þjónustu. Skilgreind verði svæði til framtíðarþróunar.

Fyrir markmið 6:

- Fram fari athugun á tækifærum og kostnaði við rafvæðingu hafnarinnar.
- Hafnarstjórn haldi árlega samráðsfundi með hagaðilum á og við hafnarsvæðin.

Ólafsfjarðarhöfn

Áhersla

Ólafsfjarðarhöfn verði leiðandi í þjónustu við fiskeldi og sjávertengda ferðaþjónustu

Markmið

1. Að skapa aðlaðandi rekstrarumhverfi fyrir fjölbreytta sjávertengda ferðaþjónustu, svo sem hvalaskoðun, sjókettir, kajakar, brimbretti og sjósund
2. Markvisst verði unnið að hagsmunum svæðisins í fiskeldi
3. Að virkja þá innviði sem eru til staðar, m.a. fyrirtæki, hagsmunafélög og frjáls félagasamtök sem hafa áhuga og burði til að taka þátt í uppbyggingunni
4. Að auka trú íbúa og atvinnulífs á þeim tækifærum sem liggja á Ólafsfirði

Aðgerðir

Fyrir markmið 1:

- Hafnarstjórn í samstarfi við Framfarafélag Ólafsfjarðar láti vinna greiningu á tækifærum í fiskeldi.

Fyrir markmið 2:

- Skilgreina Ólafsfjörð sem svæði undir seiða- og fiskeldi í sjó og á landi.
- Hafnarsvæðið verði markvisst mótað í samræmi við nýsamþykkt deiliskipulag.

Fyrir markmið 3:

- Umhverfisáttak á vegum sveitarfélagsins í samvinnu við íbúa og atvinnulíf.
- Skilgreina svæði fyrir sjósund, böð og brimbretti við Námuveg 11.
- Skilgreina skútulægi og aðstöðu fyrir ferðafólk á eigin bátum.

Fyrir markmið 4:

- Hafnarstjórn beiti sér fyrir því að hafin verði vinna við skipulag miðbæjarsvæðis í virkri tengingu við skipulag hafnarsvæðisins.
- Hafnarstjórn beiti sér fyrir því vannýtt húsnæði verði boðið til sölu eða leigu undir fjölbreytta starfsemi.

Siglufjarðarhöfn

Áhersla

Siglufjarðarhöfn verði leiðandi í þjónustu við stærri skip í sjávarútvegi, ferðaþjónustu, vöruflutningum og öryggismálum

Markmið

1. Að byggja áfram á sterkri og jákvæðri ímynd hafnarsvæðisins á Siglufirði
2. Að fjölbreytt atvinnustarfsemi geti vaxið og dafnað á hafnarsvæðinu í sátt og samlyndi
3. Að skipulag vinnusvæða sé með þeim hætti að hagkvæmni og öryggis sé gætt
4. Að hafnarsvæðið þjóni fjölbreyttri þjónustu við fiski-, flutninga-, farþega- og björgunarskip
5. Að skipulag hafnarsvæðisins fyrirbyggji ekki framtíðartækifæri, svo sem á sviði vöruflutninga

Aðgerðir

Fyrir markmið 1:

- Fegra umhverfið í samstarfi við lóðarhafa, sérstaklega við Óskarsbryggju.

Fyrir markmið 2:

- Skilgreina betur umferð og aðgang á hafnarsvæðinu, til dæmis með skilgreindum gönguleiðum fyrir almenning og ferðamenn löndunarsvæði.
- Tryggja upplýsingaflæði til farþega sem koma í land. Til dæmis með einfaldri hreyfanlegri upplýsingamiðstöð.

Fyrir markmið 3:

- Ljúka við framkvæmdir á nýju miðbæjarskipulagi og tengja þannig höfnina og miðbæinn enn frekar.

Fyrir markmið 4:

- Hafnarstjórn vinni greiningu á þörf fyrir aukið dýpi, lengri viðlegukanta og sjóvarnir og vinni markvisst að því að nánar skilgreind verkefni verði sett á Samgönguáætlun.

Fyrir markmið 5:

- Hafnarstjórn beiti sér fyrir því að skilgreind verði svæði fyrir íbúðabyggð í nágrenni hafnarsvæðis.
- Skilgreina svæði undir starfsemi Björgunarmiðstöðvar í deiliskipulagi.

Framtíðarsýn Fjallabyggðarhafna



Við vinnum saman að því að stuðla að öryggi sjófarenda á Norðurslóðum og veita viðskiptavinum Fjallabyggðarhafna framúrskarandi þjónustu á öllum sviðum.

Hlutverk Fjallabyggðarhafna



Hlutverk okkar er að veita örugga, fjölbreytta og faglega þjónusta við sjófarendur á Norðurslóðum og viðskiptavini Fjallabyggðarhafna

Endurskoðun stefnunnar

Stefna Fjallabyggðarhafna gildir til loka árs 2030.

Hafnarstjórn skal taka stefnuna og aðgerðaáætlun til umræðu og endurskoðunar árlega á tímabilinu.

Endurskoðuð stefna, markmið og verkefni taka mið af árangri innleiðingar og breytingum í starfsumhverfinu.

Fjölbreytt og örugg hafnarstarfsemi

Stefna Fjallabyggðarhafna 2022-2030

Viðaukar



Skipulag verkefnis

Markmið verkefnisins er að marka framtíðarsýn og stefnu fyrir Fjallabyggðarhafnir og gera tillögu að aðgerðaáætlun.


Verkefninu er skipt upp í eftirfarandi verkþætti:

- Verkefnisstjórn
- Stöðumat
- Framtíðarsýn og stefna Fjallabyggðarhafna
- Aðgerðaáætlun 2022-2030
- Verkefnislök eru áætluð fyrir sveitarstjórnarkosningar

Verkefnishópur

- Guðmundur Gauti Sveinsson
- Nanna Árnadóttir
- Tómas A. Einarsson
- Andri Viðar Víglundsson
- Ægir Bergsson
- Elías Pétursson,
bæjarstjóri/hafnarstjóri

Uppsetning verkefnis



Ólafsfjarðarhöfn

Styrkleikar

- Hafnaraðstaða
- Staðsetning
- Góð þjónusta við skip og báta
- Öflugar vélsmiðjur

Ógnanir

- Umhverfið/ólykt ógni annarri uppbyggingu
- Samgöngur landleiðina versni meira
- Hækkandi flutningskostnaður
- Breytingar í fiskgengd eða stjórnun
- Sandburður í innsiglingu
- Skipakomum fækki



Veikleikar

- Umhverfið ósnyrtilegt
- Lyktarmengun
- Sog í höfninni
- Innsigling erfið fyrir stærri skip
- Samgöngur landleiðina
- Skortur á viðhaldi

Tækifæri

- Bæta ásýnd og umhverfi
- Bætt skipulag
- Uppbygging í ferðaþjónustu
- Uppbygging í fiskeldi
- Viðgerðir á bátum
- Markaðssetning

Siglufjarðarhöfn

Styrkleikar

- Hafnaraðstaða og staðsetning
- Aðlaðandi umhverfi
- Góð þjónusta við sjávarútveg
- Fjölbreytt starfsemi
- Fjölbreyttar skipakomur

Ógnanir

- Samkeppni við aðrar hafnir
- Samgöngur landleiðina versni meira
- Breytingar í fiskgengd eða stjórnun
- Hækkandi flutningskostnaður
- Þjónustuskortur við farþega leiði til færri skipa
- Snjóflóð

SVÓT

Veikleikar

- Rými orðið takmarkað
- Öryggismál- of mikil blöndun
- Hávaðamengun
- Skortur á búnaði, svo sem löndunarkrönum
- Samgöngur á land

Tækifæri

- Bætt skipulag og öryggi. Skilgreina svæði
- Stofnun klasa
- Björgunarmiðstöð
- Auka þjónustu við farþegaskip
- Orkuskipti
- Markaðssetning


Aðalskipulag Fjallabyggðar

Stefnumið:

- Athafnasvæði Fjallabyggðar séu eftirsóknarverð fyrir atvinnurekendur með góðri tengingu við hafnir og samgönguæðar.
- Áhersla á góðar umhverfis- og starfsaðstæður þannig að fyrirtæki sjái sér hag af að vera með atvinnurekstur í sveitarfélaginu.

Leiðir að stefnumiðum:

- Fjölbreytt úrval athafnalóða fyrir mismunandi gerðir fyrirtækja verði ávallt til úthlutunar.
- Áhersla á gott grunnkerfi, umhverfismál og fjölskyldugildi.



Deiliskipulag Ólafsfjarðarhafnar

Meginviðfangsefni

- Skilgreina lóðir fyrir mismunandi starfsemi og þarfir.
- Bæta hafnaraðstöðu með sérstöðu svæðisins í huga.
- Bæta öryggi þeirra sem fara um hafnarsvæðin.
- Skilgreina helstu umferðarleiðir akandi og fótgangandi.
- Bæta umhverfi og ásýnd hafnarsvæðisins.
- Efla sérkenni svæðisins.



Deiliskipulag Þormóðseyri

Meginviðfangsefni

- Skilgreina nánar en í aðalskipulagi þá starfsemi sem heimil verði á athafnasvæðinu
- Fyrst og fremst atvinnustarfsemi þar sem lítil hættu er á mengun, s.s. léttum iðnaði, vörugeymslum, hreinlegum verkstæðum og umboðs- og heildverslunum.
- Almenn skal ekki gert ráð fyrir íbúðum á athafnarsvæðum. Þó er unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdri starfsemi fyrirtækja

